

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2024, Dalvegur, Kópavogi.

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 9. mars 2007 staðfest breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2004 frá 20. desember 2002.

Breytingin felst í því að landnotkun að Dalvegi 32 sem afmarkast af Reykjanesbraut, Nýbýlavegi, Dalvegi og Kópavogslæk breytist úr opnu svæði til sérstakra nota í byggðarreit fyrir blandaða byggð til 2024. Á svæðinu eru áætlaðir 9.300 m<sup>2</sup> atvinnuhúsnæðis sem rúmast innan þeirra marka sem fram koma í töflu 3.2. í svæðisskipulaginu.

Skipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Kópavogsbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgangið erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisstjórnuneytinu, 9. mars 2007.*

F. h. r.

**Sigríður Auður Arnardóttir.**

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*

B-deild – Útgáfud.: 13. mars 2007